



Áfangaskýrsla vegna sjálfsmats Grunnskóla Seltjarnarness skólaárið 2011 – 2012

Ný sjálfsmatsáætlun fyrir Grunnskóla Seltjarnarness var lögð fram vorið 2010 og því var þetta annað árið sem áætluninni var fylgt. Þegar á heildina er litið gekk mjög vel að fylgja henni nema enn var Skólavogin ekki komin í gang og því frestuðust einhverjir þættir. Í upphafi árs hófst úrvinnsla úr foreldrakönnun sem Skóla- og frístundasvið gerði fyrir skólann auk þess sem vinnustaðgreining bæjarins var lögð fyrir starfsfólk í október/nóvember af Capacent og var mikil úrvinnsla í tengslum við hana.

Sjálfsmatsáætlunin er sett upp á mánuði og verður í þessari skýrslu farið yfir áætlun hvers mánaðar, rýnt í hvernig gekk, niðurstöður skoðaðar og metnar og fjallað um úrbætur.

Ágúst

Mánuður	Það sem á að meta	Ábyrgð
Ágúst	Kynning á matsáætlun Útgáfa og yfirferð skólanámskrár og starfsáætlunar	Matsteymi Skólastjórnendur

Kynning á matsáætlun

Á fyrsta starfsmannafundi að hausti var matsáætlunin kynnt og lögð áhersla á að hún væri einföld og aðgengileg öllum. Erfitt hefur reynst að fá kennara og annað starfsfólk til að starfa í matsteymi og var það reyndin líka árið 2010-2011. Fólki finnst það störfum hlaðið og eiga erfitt með að bæta við sig vinnu. Matsteymið hefur því farið þá leið að kynna verkefnið á kennarafundi og fá endurgjöf frá hópnum.

Áfangaskýrsla síðasta árs var kynnt fyrir fræðsluviði, skólanefnd og skólaráði á árinu og fékk skýrslan jákvæðar viðtökur.

Útgáfa og yfirferð skólanámskrár og starfsáætlunar

Starfsfólk vann að þessum þáttum í ágúst eins og venja er. Skóladagatal lá fyrir í upphafi árs svo og handbók foreldra með öllum upplýsingum sem þar er að finna, s.s. skólareglum, vinnuferlum, áætlunum o.s.frv. Samkvæmt vinnureglu var einnig unnið að uppfærslu vefsíðu skólans fyrir nemendur, foreldra og aðra áhugasama þar sem m.a. allar upplýsingar og áætlanir eru aðgengilegar. Kennsluáætlanir voru einnig unnar og gerðar öllum aðgengilegar inni á vefsíðu skólans.

Skólanámskrá ásamt starfsáætlun var yfirfarin af foreldrum í skólaráði og einnig af fulltrúum skólanefndar en engar athugasemdir bárust.

Varðandi kennsluáætlanir var lagður ákveðinn grunnur sem kennurum var ætlað að styðjast við og var þar m.a. lögð áhersla á fjölbreytt námsmat, fjölbreytta kennsluhætti og virkni nemenda. Stjórnandi á hverju skólastigi fór yfir áætlun hvers kennara og gerði kröfur um úrbætur ef kennsluáætlun fylgdi ekki grunninum. Sjá fylgiskjal 1 (aftast í þessari skýrslu). Ekki var lögð mikil vinna í heildarendurskoðun þar sem ný aðalnámskrá er væntanleg frá ráðuneytinu.

Mat og úrbætur:

- Taka skal fram að þó svo að ákveðnir þættir séu inni í kennsluáætlunum hjá flestum er spurning um framkvæmdina. Hvað er að gerast inni í kennslustundum? Það er þáttur sem þyrfti að skoða í framtíðinni. Það mætti óska eftir úttekt á því í ytra mati sveitarfélags (eins nefnt var í síðustu skýrslu).
- Í síðustu áfangaskýrslu var rætt um að rýna betur kennsluáætlanir að vori og gera úrbætur að hausti. Þessi þáttur verður hluti af minnislista kennara vegna skipulags kennslu.
- Þar sem almennur hluti nýrrar aðalnámskrár tók fyrst gildi í ágústbyrjun 2011 var ekki farið í miklar breytingar á skólanámskránni á þessu ári en vænta má meiri breytinga á því næsta. Greinanámskránnar hafa einungis verið gefnar út í drögum og því verður einhver tími þangað til breytingar, sem þeim fylgja, komast í framkæmd. Á vorönninni hafa kennarar og þroskaþjálfar verið að skoða almenna hlutann og á næsta ári verður námsmatið og greinahlutarnir rýndir.

September

Mánuður	Það sem á að meta	Ábyrgð
September	Skólafærninámsskeið fyrir foreldra, matsblað foreldra í lok námskeiðs (hefst 2011). Skólalámskránnar fyrir nemendur í 6. – 10. bekk Mat á eineltisáætlun	Deildarstjóri stigs og aðstoðarskólastjóri Verkefnastjóri í UT Stjórnendur

Skólafærninámsskeið

Skólafærninámsskeið voru haldin fyrir foreldra nemenda í 1. bekk. Námskeið 1. bekkjar var skipulagt af deildarstjóra yngsta stigs. Námskeiðið var í raun framhald af kynningu sem haldin hafði verið fyrir foreldra að vori. Ekki var sérstök könnun lögð fyrir í lok námskeiðs en það var tilfinning þeirra sem tóku á móti foreldrum að námskeiðið hefði tekist vel og verður það því með svipuðu sniði haustið 2012.

Skólakynningar voru haldnar fyrir alla aðra árganga skólans, kynningin var sniðin að hverjum árgangi fyrir sig. Á kynningunum var farið í skipulag skólans, skipurit, niðurstöður foreldrakönnunar, vefsíðu skólans (mikið af upplýsingum þar), mentor o.fl. 7 og 10. bekkur fékk lengri kynningu/námsskeið þar sem við bættist færslan úr Mýró í Való hjá 7. bekk og hjá 10. bekk bættist við tenging við næsta skólastig. Rafræn könnun var lögð fyrir foreldra að loknum kynningum þar sem þeim gafst færi á að meta kynningarnar. Af þeim sem tóku afstöðu (128 manns) til þess hve gagnlegar kynningarnar voru töldu 84,5 % foreldra kynningarnar mjög eða frekar gagnlegar.

Að vori var haldin kynning fyrir foreldra nemenda sem eru að hefja nám í 1. bekk. Um var að ræða upplýsingafund sem gekk mjög vel. Ekki var haldin kynning fyrir verðandi 7. bekk þar sem það gleymdist og enginn hafði samband vegna þess.

Skólapúlsinn

Hafist var handa við að leggja Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk en niðurstöður voru fyrst skoðaðar í janúar þegar nokkrar mælingar höfðu verið gerðar.

Mat á eineltisáætlun

Eineltisáætlunin var yfirfarin haustið 2011 en var ekki breytt enda nýuppfærð.

Mat og úrbætur:

- Skólakynningarnar gengu mjög vel og voru upplýsandi fyrir foreldra en á næsta ári þarf að velja aðra áhersluþætti s.s. ábyrgð foreldra á námi nemenda, mætingar o.fl.
- Kynning fyrir verðandi 7. bekk gleymdist en ekki hefur verið hefð fyrir henni. Ákveðið var að hafa kynningu fyrir foreldra snemma á næsta skólaári til að eyða óvissu.
- Eineltisáætlunin stendur fyrir sínu en breyta á skráningum þannig að þær verði með sama hætti og skráningar nemendaverndarráðs.

Október og nóvember

Mánuður	Það sem á að meta	Ábyrgð
Október	Sjálfsmat nemenda (hefst 2011) Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Umsjónarkennara Matsteymi/kennarar
Nóvember	Uppbygging SVÓT greining (hefst 2011) Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Matsteymi Verkefnastjóri í UT

Skólapúlsinn (október og nóvember)

Á haustönn var hafinn undirbúningur að notkun leiðsagnarmats í öllum árgöngum nema 1. og 2. bekk en í öllum árgöngum á vorönn. Skólaárið 2012-2013 verður haldið áfram með það form en einnig verður annars konar námsmat og markmiðssetning hluti af því verkefni.

Áfram var skólapúlsinn lagður fyrir nemendur í 6. – 10. bekk en niðurstöður ekki skoðaðar fyrr en í janúar.

Uppbygging SVÓT greining

Vegna mikils álags þá gleymdist SVÓT greiningin en hefur nú verið sett inn á verkefnalista stjórnenda til að fyrirbyggja þau mistök á næsta ári.

Mat og úrbætur:

- Leiðsagnarmatið gekk vel en á vorönninni kom fram hugmynd um að stíga skrefinu lengra og vinna markvissara með matið og markmiðssetningu nemenda. Á vordögum hófst því undirbúningur að nýrri gerð nemenda/foreldrasamtala fyrir skólaárið 2012-2013.

Desember

Mánuður	Það sem á að meta	Ábyrgð
Desember	Samræmd próf í 4. bekk, 7. bekk og 10. bekk Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Stjórnendur/umsjónarkennarar Verkefnastjóri í UT

Samræmd próf:

Niðurstöður samræmdu prófanna voru góðar. Nemendur okkar, í öllum árgöngum, stóðu sig vel eins og sjá má í töflunni hér fyrir neðan. Það þarf að skoða stærðfræðina á yngsta stiginu sérstaklega og var fundað með kennurum vegna þess. Framfarir voru þó góðar í 7. og 10. bekk. Samt sem áður var rýnt í niðurstöðurnar með tilliti til námsþátta og er lestur þáttur sem enn og aftur þarf að efla enn frekar á öllum skólastigum. Einnig var rýnt í niðurstöður einstakra nemenda með kennurum, sérkennurum og deildarstjóra sérkennslu og sérkennslan endurskipulögð m.t.t. niðurstaðnanna. Þessu til viðbótar var haft samband við foreldra þeirra barna sem komu illa út. Sérstaklega var hugað að þeim sem komu okkur á óvart. Kennarar rýndu síðan sjálfir betur í niðurstöðurnar til að bregðast við, hver á sínu aldurstigi.

4. bekkur	Íslenska	Stærðfræði	
Grunnskóli Seltjarnarness	6,27	5,96	
Reykjavíkurborg	6,4	6,5	
Landið allt	6,3	6,5	
7. bekkur	Íslenska	Stærðfræði	
Grunnskóli Seltjarnarness	6,78	7,11	
Reykjavíkurborg	6,60	6,8	
Landið allt	6,40	6,7	
10. bekkur	Íslenska	Stærðfræði	Enska
Grunnskóli Seltjarnarness	6,64	6,51	7,62
Reykjavíkurborg	6,60	6,1	7,50
Landið allt	6,50	5,6	7,30

Mat og úrbætur:

- Fylgja þarf eftir fundi sem stjórnendur áttu með kennurum og sérkennurunum á yngsta og miðstigi. Minnt verður á þessa þætti á minnislista kennara vegna skipulags kennslu skólaárið 2012-2013. Með slíku fyrirkomulagi verður eftirfylgnin markvissari.
- Viðmið um árangur var að 65% nemenda væru fyrir ofan 50 í raðeinkunn. Niðurstöður urðu að í 10. bekk náði skólinn 64% upp fyrir raðeinkunnina 50 í íslensku, 62% í ensku og 71% í stærðfræði. Í 7. bekk náðu 64% upp fyrir raðeinkunnina 50 í íslensku og 66% í stærðfræði og í 4. bekk náðu 46% upp fyrir raðeinkunnina 50 í íslensku og 39% í stærðfræði.

Janúar

Mánuður	Það sem á að meta	Ábyrgð
Janúar	Samráð við 10. bekk um valgreinar o.fl. Fundir með nemendum í 7. – 10. bekk (hvað þau eru ánægð með, hvað má betur fara, hvað getum við gert til að öllum líði vel) Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Aðstoðarskólastjóri unglíngadeildar Skólastjórnendur/umsjónarkennari Verkefnastjóri í UT

Samráð við 10. bekk um valgreinar

Ákveðið var að gera þetta annað hvert ár þar sem sömu nemendur væri að velja og í fyrra og enn verið að vinna úr þeirra hugmyndum.

Heimskaffi – fundur með nemendum

Það eru ekki endilega niðurstöður fundanna með nemendum í 7. - 10. bekk sem skipta öllu máli. Tilgangur fundanna er miklu fremur að kenna nemendum að taka þátt í umræðum, að vera málefnalegir og koma með raunverulegar tillögur að úrbótum. Í ár frestuðum við heimskaffi þar til seinna um vorið og lögðum áherslu á umhverfisvernd og Grænfánastarfið í skólanum. Nemendur fengu kynningu á umhverfisstefnu skólans, hvernig heimurinn líður fyrir eyðslu okkar o.fl. Nemendur ræddi síðan í „heimskaffis-stíl“ hvað við erum að gera vel, hvað megi betur fara og hvernig við getum bætt það.

Það sem nemendur nefndu að væri gott við skólann sinn var m.a. flokkunin á ruslinu, að við spöruðum t.d. rafmagn með því að slökkva ljósin. Það sem mátti betur fara var t.d. umgengnin um eignir skólans, flokkunina mætti bæta, að kennarar settu ekki óþarfa á innkaupalista o.s.frv.

Skólapúlsinn

Niðurstöður voru greindar í janúar og ræddar bæði á kennarafundum og í skólaráði (í febrúar). Niðurstöður voru almennt séð mjög góðar og nemendur okkar ánægðir með skólann sinn og kennsluna. Enn sker 8. bekkur sig úr þar sem nemendur í 8. Bekk virðast sérstaklega jákvæðir og ánægðir. Einstaka þættir komu ekki nógu vel út hjá okkur voru þeir teknir fyrir á fundi með kennurum og þeir beðnir að huga sérstaklega að þeim. Um var að ræða eftirfarandi þætti:

- Ánægju af lestri

- Áhuga á stærðfræði
- Stuðning kennara við nemendur
- Virka þátttöku nemenda í tímum.

Fyrirnefndir þættir verða einnig settir á lista kennara vegna undirbúnings kennslu haustið 2012. Í skólaráði var eftirfarandi skráð vegna kynningar á Skólapúlsinum:

Guðlaug kynnti nýjustu niðurstöður (sept. – jan.) Skólapúlsins. Skólinn kemur vel út að langmestu leyti. Það sem þarf að skoða er virkni nemenda í tímum og samband kennara og nemenda.

Ákveðið var að kynna ekki niðurstöður Skólapúlsins á vefsíðu skólans fyrr en að niðurstöður alls ársins lægju fyrir (settar inn í júní 2012).

Mat og úrbætur:

- Valið var vel kynnt á þessu skólaári fyrir foreldrum og voru þeir ánægðir með það. Áætlað er að gera það aftur á komandi hausti.
- Á umræðufundunum sem kallast heimskaffi komu fram hugmyndir um hvernig við gætum bætt okkur s.s. umgengni, flokkun, innkaup o.fl. Farið verður yfir hugmyndir nemenda og þær kynntar á fundi í haust til að rifja upp í upphafi árs. Kennarar voru einnig beðnir að endurskoða innkaupalistann og passa að láta nemendur ekki kaupa óþarfa.
- Niðurstöðum Skólapúlsins var ekki fylgt nógu vel eftir í yfirferð kennsluáætlaða og þarf að gera betur varðandi það á næsta skólaári.
- Þegar á heildina er litið vorum við ánægð með niðurstöður Skólapúlsins.

Febrúar

Mánuður	Það sem á að meta	Ábyrgð
Febrúar	Matsfundur í skólaráði Sjálfsmat nemenda / nemendaviðtöl Starfsmannasamtöl (febr-apríl) Skólavogin. Viðhorfakannanir lagðar fyrir nemendur (4., 7. og 10. bekk, starfsfólk og foreldra (á bilinu febrúar til apríl) Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Skólastjóri /aðstoðarskólastjóri Umsjónarkennari Skólastjórnendur Matsteymi Verkefnastjóri í UT

Matsfundur í skólaráði

Matsfundurinn gekk vel og lögð var áhersla á að nemendur kæmu hugðarefnum sínum á framfæri þessum fundi.

- *Nemendur í 5. og 6. bekk eru ánægðir með skólann sérstaklega með frímínúturnar þar sem færri eru úti í hádeginu og því auðveldara að fá fótboltavöllinn.*
- *Nemendur á unglíngastigi töluðu um að þeir væru ánægðir með samstarfið við Jóa kokk, sögðu að félagslífið væri búið að vera frábært og gott að hafa fengið inni í Félagsheimilinu. Starfsfólk Selsins væri frábært. Þau voru nokkuð ánægð með valið í vetur en telja að valblaðið hafi verið of flókið og að*

passa þurfi upp á aldursskiptingu í valhópum. Helga sagði að búið væri að einfalda valblaðið fyrir næsta skólaár og draga úr skylduvali. Kynning á valinu verður í næstu viku bæði fyrir nemendur í 7., 8. og 9. bekk og foreldra þeirra. Það þarf að laga fótbolta- og köfuboltavellina við skólann, þeir eru í mikilli niðurníðslu. Eins þarf að koma skýrar fram hvenær bókasafn skólans er opið. Unglingarnir spurðust fyrir um hvers vegna þriðji íþróttatíminn hafi verið felldur niður og voru þeir óánægðir með það. Þarf að bæta við fjármagni ef bæta honum við. Mál sem þarf að ræða við bæjarstjóra.

Úr fundargerð skólaráðs í febrúar 2012

Nemendur í 6. bekk ræddu á þessum fundi líka um ánægju sína með breytta kennsluhætti í íslensku hjá Hönnu Guðnýju en hún hefur verið að innleiða nemendastýrt val í íslenskukennslunni.

Sjálfsmat nemenda

Eins og fyrr sagði er leiðsagnarmatið gert í Mentor og gengur út á það að nemendur, með aðstoð foreldra, leggja mat á eigið námsgengi, ástundun og fleira. Kennararnir leggja jafnframt mat á sömu þætti hjá hverjum nemanda. Kennarar, nemendur og foreldrar voru almennt ánægðir með hvernig til tóks. Á fundi að lokinni framkvæmd var farið yfir hvað gekk vel og hvað mætti betur fara.

Starfsmannasamtöl

Í starfsmannasamtölin á haustönn 2011 og vorönn 2012 kom fram afgerandi munur á líðan starfsfólks í Mýró annars vegar og Való hins vegar. Þetta var alveg í samræmi við niðurstöður vinnustaðagreiningar þar sem talsverður munur var á vinnustöðvunum. Annars gengu starfsmannasamtölin vel og rædd var starfsþróun hvers og eins o.fl. Starfsmannasamtöl eru trúnaðarsamtöl þannig að ekki verður farið nánar í niðurstöður hér. Í lok samtalanna var gerð almenn samantekt og hún send starfsmannastjóra bæjarins sem mun vinna úr þeim en hann fékk að auki niðurstöður rýnihóps á vinnustaðagreiningu til úrvinnslu.

Viðhorfakannanir fyrir nemendur í 4., 7. og 10. bekk

Á síðasta ári kom í ljós að til stæði að leggja niður Skólavogina í núverandi mynd. Gerður var samningur við Skólapúlsinn, sem áfram mun áfram leggja fyrir nemendakönnun (í 6. – 10. bekk), foreldrakönnun í febrúar og starfsmannakönnun í mars en þær kannanir fara af stað árið 2013. Skólinn fagnar því að þetta sé komið í gang því með þessu fáum við samanburð við aðra skóla. Í apríl tók skólinn þátt í forprófun á foreldrakönnuninni og fékk niðurstöður en engan samanburð. Við saum ekki að sú könnun bætti neinu við könnun Menntasviðs og birtum hana því ekki

Viðhorfakönnun fyrir starfsfólk

Vinnustaðagreining var lögð fyrir haustið 2011 og niðurstöður birtar í janúar 2012. Eins og fram hefur komið var þó nokkur munur á milli skólanna sérstaklega hvað varðaði starfsánægju og öryggi. Einnig kom fram mikið álag á báðum stöðum. Rýnihópar starfsfólks greindu niðurstöðurnar ásamt stjórnendum og komu með hugmyndir að úrbótum sem sendar voru starfsmannastjóra bæjarins. Stjórnendur komu verkefnum sem að þeim sneru í ferli. Niðurstöðurnar voru kynntar á starfsmannafundi og eru aðgengilegar (ásamt aðgerðaáætlun) á innri vef skólans.

Viðhorfakönnun lögð fyrir foreldra

Skólinn fékk greiningardeild Menntasviðs Reykjavíkur til að leggja viðhorfakönnun fyrir foreldra en með því fékkst samanburður við meðaltalsniðurstöður skóla í Reykjavík sem var mikill kostur. Lögð var áhersla á að bregðast strax við niðurstöðum könnunarinnar. Eitt sem einkenndi niðurstöðurnar var að skólinn væri ekki að upplýsa foreldra nóg. Í ljós kom einnig að mörgum fyndist skólastjórnendur of fjarlægir og því voru settar á skólakynningar í öllum árgöngum strax í upphafi skólaárs. Foreldrar hvers árgangs fengu þá greiðan aðgang að stjórnendum auk þess sem kynning var á innra starfi, skipulagi o.fl. Á kynningunni voru teknir fyrir þættir sem ekki komu nógu vel út á foreldrakönnuninni en það voru helst eftirfarandi þættir:

Helstu þættir sem ekki komu nógu vel út voru:

- Foreldrar vildu fá meiri upplýsingar um líðan og samskipti í bekknum.
Á fundunum var líka rætt um mikilvægi þess að foreldrar hefðu samband, ættu líka frumkvæðið sér í lagi ef þeir hefðu áhyggjur af sínu barni.
- Skólinn mætti gera meiri námslegar kröfur til nemenda
Flestir voru á því að kröfurnar væru hæfilegar en fleiri en í Reykjavík töldu þær mega vera meiri.
- Aginn mætti vera meiri
En skv. Skólapúlsinum er hann rétt yfir meðallagi.
- Fleiri voru ósáttir við námsmatið heldur en að meðaltali í Reykjavík.
Það hafði þau áhrif að við settum það sem áhersluþátt skólárið 2012-2013 í símenntun kennara.
- Sumir vildu meiri heimavinnu en samt fá börn á Seltjarnarnesi minni aðstoð við heimanám heldur en reykvísk börn.
Við ræddum þennan þátt stuttlega en almennt er fólk sátt við skipulag heimavinnu. Við báðum foreldra þeirra barna sem vildu meira að vera endilega í sambandi því sjálfsagt væri að einstaklingsmiða heimanámið.
- Foreldrar ekki eins ánægðir og foreldrar í Reykjavík með matinn í skólanum og verðið á honum.
Skólastjóri ræddi þetta við matreiðslumann bæjarins og kynnti hans sjónarmið á kynningunni.
- Foreldrar töldu skólann ekki vinna nógu markvisst eftir eineltisáætlun skólans.
Við mælumst vel undir meðallagi í Skólapúlsinum en viljum samt alltaf bæta okkur. Við teljum þennan þátt ekki hafa verið nógu vel kynntan fyrir foreldrum.
- Foreldrar voru ekki nógu vel upplýstir um hvaða börn fengju sérkennslu.
Sérkennarar ætla að upplýsa foreldra betur en gert hefur verið.
- Kennarar ekki eins duglegir og kennarar í Reykjavík að setja inn á Mentor hvað varðar einstaka nemendur.
Kennurum var bent á þetta og þetta verður rífað upp fyrir skólabyrjun 2012.
- Stjórnendur ekki aðgengilegir.
Við hittum foreldra allra árganga, kynntum okkur vel og ræddum heilmikið við foreldra. Við vonumst til að það hafi skilað árangri en að sjálfsgöðu munum við halda áfram á þessari braut.
- Gæsla á skólalóð slakari en í Reykjavík (lítið)
Við útskýrðum gæsluna, hvernig lóðinni væri skipt upp í svæði í Mýró og hvernig fólki væri skipað á svæði. Við teljum að hér hafi vantað upplýsingar.

Að lokum viljum við taka fram að við sögðum einnig frá jákvæðum þáttum í kynningunni. Við kynntum líka vefsíðuna, stoðþjónustuna, kennsluáætlanir o.m.fl. sem við töldum gagnast foreldrum vel.

Mat og úrbætur:

- Samkvæmt áætlun bæjarins verður önnur vinnustaðgreining lögð fyrir næsta haust til að fá samanburð og athuga hvort eitthvað hafi breyst. Því til viðbótar mun skólapúlsinn leggja fyrir starfsmannakönnun þar sem við fáum samanburð við samanburðarhæfa hópa og fögnum við því!
- Skólakynningin verður með svipuðum hætti en öðrum áherslum.
- Við skipulag kennslu næsta haust verður stuðst við niðurstöður foreldrakönnunar og óskað eftir því að kennarar bregðist við óskum foreldra um t.d. :
 - Skólinn mætti gera meiri námslegar kröfur til nemenda (sérstaklega á miðstiginu)
 - Fleiri voru ósáttir við námsmatið heldur en að meðaltali í Reykjavík
 - Foreldrar voru ekki nógu vel upplýstir um hvaða börn fengu sérkennslu o.fl.
- Skólapúlsinn mun gera foreldrakönnun og fáum við þá samanburð við aðra skóla, sambærilega að stærð.

Mars

Mánuður	Það sem á að meta	Ábyrgð
Mars	Skólavogin – rekstrarkönnun Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Matsteymi /aðstoðarskólastjórar Verkefnastjóri í UT
Apríl	Mat á skólanámskrá Stefnumörkun í skólanum - staða Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Kennarar/stjórnendur Matsteymi/starfsmenn Verkefnastjóri í UT
Mái	Skólapúlsinn fyrir nemendur í 6. – 10. bekk	Verkefnastjóri í UT

Skólavogin – rekstrarkönnun

Seltjarnarnesbæ hefur eftirlit með rekstrinum en mánaðarlega var farið yfir stöðu launa og staðan borin saman við áætlun. Annar rekstur var yfirfarinn ársfjórðungslega. Skólinn hefur staðist áætlanir og skilaði rekstrarafgangi á síðasta ári.

Mat á skólanámskrá

Yfirferðin dróst fram í lok maí sökum anna. Stjórnendur höfðu ásamt kennurum farið yfir nýja Aðalnámskrá, almennan hluta og rétt fyrir skólalok bærust drög að greinahlutunum. Endurskoðun á handbók skólans, öllum áætlunum og vefsíðunni almennt var gerð í maí og júní en námsgreinahlutarnir bíða fram á haustið. Ekki er að búast við miklum breytingum næsta skólaár þar sem greinahlutunum seinkaði eins mikið og raun ber vitni. Við bindum þó vonir við að áhersluþáttur námsmats í símenntunaráætlun skólans leiði til frampróunar á því sviði og muni jafnframt hafa jákvæð áhrif á kennsluhætti.

Skóladagatalið var ekki samþykkt fyrr en í maí sökum þess að ekki tókst að lenda sameinginlegum starfsdögum skóla og leikskóla fyrr. Skóladagatalið hafði verið lagt fyrir leikskólann, tónlistarskólann, félagsmiðstöðina Selið, íþróttafélagið Gróttu og forstöðumann íþróttamannvirkja. Mikil áhersla er lögð á að sátt ríki um dagatalið í skólasamfélaginu.

Stefnumörkun í skólanum – staða

Eins og fram kom í kaflanum hér að framan eru miklar breytingar framundan vegna útkomu nýrrar aðalnámskrár og endurskoðaðrar skólastefnu Seltjarnarness og binda stjórnendur miklar vonir við þá vinnu. Ákveðið var að fara ekki í miklar breytingar á vinnulagi skólans á næsta skólaári heldur að undirbúa þær og beina sjónum að námsmati og þróun þess. Þó var ákveðið að styðja áfram við innleiðingu byrjendalæsis sem við færum upp í 3. bekk, þróun stærðfræðikennslu á yngsta stigi, þemakennslu á unglिंगastigi, innleiðingu uppbyggingastefnunnar auk fleiri verkefna sem kennarar hafa sjálfir áhuga á s.s. „flipping classroom“.

Skólapúlsinn

Við kynntum niðurstöðurnar ekki að vori á kennarafundi eins og áætlun sagði til um. Engar breytingar höfðu orðið frá fyrri kynningu og því ákváðum við að bíða til haustsins og setja þessa þætti inn í minnislista kennara vegna skipulags kennslu.

Mat og úrbætur

- Þar er ókostur að rekstarkönnunin skuli vera á sveitarfélagsgrunni því vegna þess höfum við ekki samanburð við önnur sveitarfélög/aðra skóla.
- Fulltrúar foreldra í skólaráði voru sérstaklega beðnir að yfirfara skólanámskrá o.fl. Engar athugasemdir bárust frá þeim né heldur skólanefnd.
- Huga þarf áfram að innleiðingar nýrrar aðalnámskrár og skólastefnu þ.e. með hvaða hætti kennarar verða best virkjaðir til þátttöku.

Aðrir matsþættir (skv. lista í matsáætlun) :

Eftirfarandi þáttum verður komið inn í mánaðarlegu áætlunina á næsta skólaári.

Líðan nemenda, rýnihópaviðtöl

Nemendur þarfir, samstarf o.fl.

Stjórnendur funduðu með nemendaráði bæði í Mýró og Való og reyndu eftir bestu getu að bregðast við óskum þeirra. Auk þess var vel fylgst með Skólapúlsinum eins og fram hefur komið og umsjónarkennarar studdust við leiðsagnarmatið. Í árgöngum þar sem umsjónarkennari kennir ekki mörg fög eru sérstakir umsjónartímar sem m.a. eru ætlaðir til að ræða við hópa/einstalinga um líðan, þarfir, samstarf. o.fl.

Heimanám

Var kannað í desember 2010 og í fyrrnefndri foreldrakönnun og voru þær niðurstöður láttnar duga.

Samtarf heimilis og skóla

Skýrsla unnin í júní 2012

Er í sífelldri endurskoðun (t.d. á kennarafundum, skólaráðsfundum) en auk þess fáum við upplýsingar í gegnum foreldrakannanir. Skólinn fundar annan hvern mánuð með skólaráði og hinn með foreldrafulltrúum og formanni foreldrafélags að ósk þeirra. Það hefur gengið mjög vel.

Kennsla og námsmat (viðmið um góða kennslu, kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska)

Reynt er að taka á þessum háttum við gerð kennsluáætlana og í símenntun. Eins og fram hefur komið er skólinn á réttri leið en myndi vilja áherslu á þennan þátt í úttekt bæjarfélagsins eða menntamálaráðuneytisins.

Starfsfólk (líðan, þarfir, starfsandi, samstarf)

Sjá fyrrnefndar niðurstöður vinnustaðagreiningar.

Stjórnun (skipulag (fundaskipulag), verklag o.fl.)

Í vinnu rýnihópa að lokinni vinnustaðagreiningu komu fram ýmsar hugmyndir um þessa þætti sem innleiddir verða á næsta ári. Til dæmis:

- Láta starfsfólk skiptast á um að stjórna fundum (Ólína/Fjóra)
- Kalla út eftir fundarefni/öðrum málum (Ólína/Fjóra)
- Endurskipuleggja starfsmannafundi þannig að þeir séu á milli kl. 15-16 þannig að tíminn fyrir fundinn nýtist betur (verði ekki bútur fyrir og eftir fund) (Ólína/Fjóra fyrir næsta ár)
- Koma á stigsfundum (Ólína)

Viðmót og menning skóla

Í vinnustaðagreiningunni var þetta einnig einn þessara þátta og þar er áætlun um t.d.

- Koma skipulagi á viðburði hjá starfsfólki
- Sameiginleg árs hátíð og vorferð með Való en t.d. haustferð, leikhúsför eða út að borða í minni hópum
- Vanda okkur í framsetningu á skoðunum okkar og hugmyndum á fundum, vera jákvæð og uppbyggileg

Uppbyggingarstefnan

Við slökuðum nokkuð á í vetur í innleiðingunni en þurfum að gefa betur í að ári.

Tengsl skólastiga

Skólinn er með áætlun um tengsl við leikskólann en slík áætlun fyrir framhaldsskólann er ekki til.

Samstarf við grenndarsamfélag

Samstarfið er talsvert bæði á milli leikskóla, tónlistarskóla, íþróttafélagsins Gróttu og skólans. Samstarf er um skipulag dagsins fyrir nemendur, nemendur fara úr tímum í grunnskóla til að sækja stundir í tónlistarskóla o.fl.

Þróunar- og nýbreytnistörf.

Þar má nefna klæðskerasaumaða símenntun (sjá skýrslu á vefsíðu skólans), grænfána verkefnið o.fl..

Grænfáninn

Skýrslu um stöðu Grænfánaverkefnissins var lokið á vordögum 2012 og send Landvernd til umsagnar. Skýrslan er aðgengileg á vefsíðu skólans. Með henni er sótt um endurnýjun á Grænfánanum. Helstu niðurstöður:

Þegar litið er til baka þau tvö ár sem við höfum haft Grænfánann og mat lagt á stöðuna í skólanum sést að margt hefur gengið vel en jafnframt er ýmislegt sem má gera betur. Það sem mætti bæta enn frekar er að miðla upplýsingar betur til kennara, nemenda, foreldra og starfsfólks, s.s. eins og hugmyndum að verkefnum, fræðsluerindum og markmiðum okkar í umhverfismálum. Til að bæta úr þessu ætlar umhverfisnefndin að sjá um að senda umhverfispóst, þar sem fjallað er um umhverfisstarfið í skólanum, til þessara aðila a.m.k. tvisvar á önn. Þegar allir þekkja vel að hverju við stefnum verður umhverfisstarfið í skólanum virkara. Það er verðugt verkefni umhverfisnefndarinnar næstu tvö árin að vinna að þessu og efla þar með umhverfisstarfið enn frekar. Jafnframt er mikilvægt að standa vörð um það sem áunnist hefur

Lokaorð í skýrslunni

Verkefni styrkt af Velferðarráðuneytinu

Á skólaárinu 2011 - 2012 fékk skólinn styrk sem auglýstur var af Velferðarráðuneyti. Um var að ræða tilraunaverkefni þar sem skólar og sveitarfélög gátu sótt um styrki til verkefna sem ætlað var að efla þjónustu við langveik börn eða börn með ADHD greiningu. Eitt verkefni var styrkt, ART námskeið.

Art (aggression, replacement training) er færniþjálfun sem vinnur með félagsfærni, sjálfstjórn og siðferðisvitund á skipulegan hátt. Markmið Art-færniþjálfunar er að barn læri jákvæðar leiðir til að eiga samskipti við jafnaldra og fullorðna. Hvert námskeið tók a.m.k. 10 vikur og þátttakendur eru fyrst og fremst drengir úr 4., 5. og 6. bekk sem flestir eru með ADHD eða skyldar raskarnir. Kennt er tvisvar í viku, eina kennslustund í senn.

Kennarar Art námskeiða sjá hvernig Art námskeið getur stutt við nemendur sem eiga í erfiðleikum með félagsfærni og hegðun. Art námskeiðin gefa von um að hægt sé að breyta stöðunni. Það er eindreginn vilji kennara að Art námskeið verði áfram fastur liður í skólastarfinu.

Mat stoðþjónustu

Stoðþjónustan gerði sínar árlegu kannanir skv. áætlun. Niðurstöður þeirra eru nýttar í vinnu sérkennara, umsjónarkennara og stuðningsfulltrúa þar sem við á.

- Í 1. bekk var Tove Krogh lagt fyrir í byrjun október og niðurstöður greindar á fundi með deildarstjóra sérkennslu, aðstoðarskólalæsi, umsjónarkennara og sálfræðingi. Stuðningur við börn sem komu ekki vel út úr könnuninni var skipulagður auk annars konar stuðnings. Haft var samband við foreldra þeirra barna sem komu illa út.
- Læsi var lagt fyrir skv. áætlun og komu nemendur skólans í 1. og 2. bekk mjög vel út, betur en nemendur annarra skóla sem einnig eru að taka þátt í byrjendalæsi.
- Samræmdu prófin voru yfirfarin og greind eins og fram kom hér að framan.
- GRP 14 var lagt fyrir í 9. bekk venju samkvæmt. Þeim nemendum sem komu illa út úr því var boðið upp á stuðning í formi lestrarnámskeiðs. Sumir fóru í nánari greiningu hjá sérkennara.

Segja má að áætlun varðandi mat á sérkennslu hafi staðist skólaárið 2011-2012 og að allir ferlar séu í góðum farvegi.

Sálfræðingar og talmeinafræðingur skiluðu niðurstöðum sínum venju samkvæmt til foreldra og einnig til skóla þegar við átti.

Kannanir á vegum Rannsókna og greiningar

Kannanirnar eru gerðar í samvinnu félagsþjónustu og fræðslusviðs bæjarins og kynna sviðin niðurstöðurnar fyrir foreldrum. Á þessu ári var einungis ein könnun lögð fyrir en það var könnunin Hagir og líðan ungs fólks á Seltjarnarnesi. Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi árið 2012.

Um er að ræða niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk á Seltjarnarnesi árið 2011. Nemendur okkar koma vel út úr þessari könnun. Foreldrar eru upplýstir um þessa stöðu auk þess sem við fylgjumst áfram vel með innan skólans og félagslífsins.. Í forvarnarskyni fengu 10. bekkingar forvarnarfræðsluna Maritu á vorönn 2011. Fræðslan náði mjög vel til nemenda og þátttaka foreldra var góð en öllum foreldrum var boðið til kvöldfundar sama dag og nemendafræðslan fór fram. Foreldrafundurinn mæltist ekki síður vel fyrir en nemendafræðslan.

Áætlanir

Farið var yfir allar áætlanir á vefsíðu skólans og þær uppfærðar í júní 2012. Ekki þurfti að breyta miklu en vildum við fullvissa okkur um að þær stæðust lög og reglugerðir auk þess sem við vildum fullvissa okkur um að allar áætlanir væru einnig inni á verkefnalista stjórnenda og kennara s.s. að kynna eineltisáætlun árlega, minna kennara á jafnréttisfræðslu o.fl.

Símenntunaráætlunin var lögð fyrir kennarafund í lok maí en hafði þá þegar verið kynnt í tölvupósti. Engar athugasemdir bárust.

Allar áætlanir eru aðgengilegar á vefsíðu skólans.

Menntamálaráðuneytið, úttektir

Á haustönn 2011 og vorönn 2012 komu úttektaraðilar á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og tóku út starfsemi skólans. Seinni úttektin var gerð á grundvelli 28. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samkvæmt þriggja ára áætlun ráðuneytisins um úttektir á grunnskólastigi. Markmið úttektarinnar var að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemi skólans. Í úttektinni átti m.a. að leggja mat á:

- Stjórnun og rekstur
- Skólanámskrá
- Nám og kennslu
- Innra mat
- Skólabrag og samskipti
- Samstarf við foreldra
- Sérfræðiþjónustu

Skólinn hefur ekki fengið í hendur niðurstöður úttektaraðila en vonast til að skýrslan verði gefin út í sumar.

Fyrri úttektin var á stærðfræðikennslu í unglingadeild í 8 skólum og var Grunnskóli Seltjarnarness einn þeirra. Úttektin miðaði að þessum 8 skólum og fékk skólinn því ekki sér niðurstöður. Stærðfræðikennarar rýndu niðurstöðurnar en helstu styrkleikar/veikleikar voru eftirfarandi skv. skýrslunni:

Styrkleikar

- Áhugasamir kennarar
- Fámennir hópar
- Skilningur stjórnenda á mikilvægi stærðfræði
- Faggreinakennsla í stærðfræði
- Allir stærðfræðikennarar með kennsluréttindi
- Nýtt námsefni sem þjónar vel markmiðum aðalnámskrár
- Góð þjónusta við nemendur sem eiga í erfiðleikum með stærðfræðinámi
- Fjölbeytt námsmat

Veikleikar

- Aðalnámskrá fyrir stærðfræði frá 2007 of ítarleg
- Að nýju námsefni sé ekki betur fylgt eftir, meiri stuðningur við kennara til að tileinka sér nýjar hugmyndir
- Lítil þjónusta við námlega sterka nemendur í stærðfræði
- Endur/símenntun ábótavant
- Of lítil samvinna við stærðfræðikennara annarra skóla

Ráðuneytið kom með tillögur til úrbóta og verða þær settar inn á verkefnalista fagstjóra í stærðfræði til að nýta við stefnumótun í samvinnu við stjórnendur.

Samantekt – mat og úrbætur

Þó svo að nokkuð gott lag sé komið á kennsluáætlanir skólans þarf að koma á því vinnulagi að kennarar rýni kennsluáætlanir sínar að vori, á meðan veturinn er þeim enn í fersku minni, og vinni síðan að úrbótum á þeim að hausti. Eins og áður hefur komið fram þá er mikilvægt að í þessari rýnivinnu nýti kennarar sér niðurstöður úr Skólapúlsinum og geri áætlanir um að bæta þá þætti sem Skólapúlsinn gefur okkur vísbendingar um að þurfi lagfæringar við. Til að tryggja að það verði gert verður settur upp gátlisti fyrir kennara vegna undirbúnings kennslu þar sem fram koma ýmsir þættir sem mikilvægt er að horfa til við skipulagninguna. Einnig er tímabært að kanna hversu vel kennsluáætlanirnar endurspeglu kennsluna en engar áætlanir hafa verið settar upp þar að lútandi enn þá.

Endurskoðun skólanámskrár hefur verið slegið á frest vegna nýrrar aðalnámskrár og nýrrar skólastefnu á Seltjarnarnesi. Tímabært er að hefja vinnu við endurskoðun skólanámskrár á næsta skólaári en sú endurskoðun mun taka a.m.k. tvö ár sérstaklega í ljósi þess að greinanámskrárnar eru einungis komnar út í drögum. Símenntunartími kennara á næsta skólaári mun að mestu vera varið í þróun námsmats í anda nýrrar námskrár skv. óskum kennara og einnig í ljósi þess að foreldrum finnst námsmat ekki nógu lýsandi (sbr. niðurstaða foreldrakönnunar).

Árlegar skólakynningar verða með svipuðuðu sniði á næsta ári og í ár þar sem mikil ánægja var með þær. Kynningarnar verða styttri og ekki eins almennar þar sem okkur finnst við nú geta skoðað betur þarfir hvers árgangs, farið yfir áherslupætti sem þarf að bæta og rætt um það sem vel gengur. Við

teljum þetta gott tilefni til að hitta alla foreldra í upphafi árs. Til stendur að virkja kennara meira á þessum kynningum næsta haust.

Eineltisáætlunin var endurskoðuð síðasta vor og hefur gengið vel að fara eftir henni í vetur. Ákveðið hefur þó verið að breyta skráningum þannig að nú verða skráningar um eineltismál með sama hætt og skráningar á nemendaverndarráðsfundum. Allt verður skráð, tilkynning, viðbrögð o.s.frv.

Ekki hefur verið endanlega ákveðið hvers konar rýnifundir (heimskaffi) verða haldnir með nemendum á næsta skólaári. Upp kom hugmynd um að umsjónarkennarar myndu gera þetta með hverjum bekk fyrir sig og jafnvel koma þá meira inn á nám, líðan og samskipti innan bekkjarins.

Vinnustaðgreiningin var ný hjá okkur í ár og fögnuðum við henni. Vinna rýnihópanna var mjög góð og margar góðar ábendingar litu dagsins ljós sem nú eru komnar í ferli hjá stjórnendum skólans, starfsfólki og bæjaryfirvöldum. Á næsta ári verður metið hvernig til hefur tekist.

Á samræmdum prófum í 7. og 10. bekk náði skólinn að mestu þeim markmiðum sem sett voru, þ.e. að 65% nemenda yrðu með yfir 50 í raðeinkunn í einstökum prófum. Þessi árangur náðist hins vegar ekki í 4. bekk og kerfst það frekari skoðunar og eftirfylgni. Í 7. og 10. bekk þarf einnig að gera frekari ráðstafanir varðandi úrvinnslu einkunna. Markiðið er að rýna einkunnir nákvæmar en verið hefur. Áætlað er að skólastjórnendur, sérkennarar og almennir kennarar leggist á eitt við að endurskipuleggja sérkennsluna og gera áætlun fyrir þá nemendur sem koma illa út á prófunum og tryggja þannig markvissari eftirfylgni.

Úttektir Mennta- og menningarmálaráðuneytisins voru stærstu verkefni vetrarins en jafnframt mjög áhugaverð og lærdómsrík. Nú þegar hafa okkur borist niðurstöður vegna stærðfræðikennslu á unglíngastigi og það mál er komið í ferli en við bíðum enn eftir allsherjarúttektinni á skólanum. Fróðlegt verður að sjá hvað utanaðkomandi aðilar segja um skólann okkar.

Á þessari samantekt má ljóst vera að ýmis verkefni hafa verið unnin og mörg liggja fyrir. Það verður því nóg að gera að komandi ári í mati á skólastarfi.

Guðlaug Sturlaugsdóttir skólastjóri
Helga Kr. Gunnarsdóttir aðstoðarskólastjóri
Óína E. Thoroddsen aðstoðarskólastjóri
Fjóra Höskuldsdóttir deildarstjóri

ATHUGA HVORT VIÐ SETJUM INN FYLGISKJAL 2 Þ.E. MINNISLISTI KENningaranna ...???

Fylgiskjal 1

Ábendingar til kennara við gerð kennsluáætlana

Endanlegt mat á kennsluáætlun fer fram eftir að kennslu er lokið. Hvernig stóðst síðasta áætlun? Hefðuð þið viljað hafa hana öðruvísi?

Mikilvægustu spurningarnar við gerð kennsluáætlana eru líklega þessar:

1. Er líklegt að efnið vekji áhuga?
2. Á efnið erindi við nemendur?
3. Er líklegt að nemendur geri sér grein fyrir þýðingu/gildi/markmiðum þessara viðfangsefna?
4. Eru nemendur virkjaðir til þátttöku?
5. Er leitast við að vekja nemendur til umhugsunar?
6. Fá ólíkir nemendur viðfangsefni við hæfi?
7. Er samræmi milli markmiða og aðferða?

(Ingvar Sigurgeirsson. Að mörgu er að hyggja)

Hvað þarf að koma fram

1. Lýsing á kennslu
 - Gefur lýsing á kennslu rétta mynd af því sem er unnið á önninni?
2. Markmið
 - Samræmast markmið kennsluáætlunarinnar markmiðum í aðalnámskrá?
 - Speglar kennsluáætlunin þær leiðir sem farnar eru til að ná settum markmiðum?
3. Námsgögn
 - Eru öll námsgögn tilgreind, bæði námsbækur, efni á vefnum, heimatilbúið efni, ítarefni o.s.frv.?
4. Áætlun um yfirferð
 - Endurspeglar kennsluáætlunin gróflega yfirferð hvers mánaðar?
5. Verkefni
 - Gefur kennsluáætlunin rétta mynd af þeim verkefnum sem verið er að vinna á önninni?
6. Námsmat og vægi námsþátta
 - Endurspeglar kennsluáætlunin vægi einstakra námsþátta í lokaeinkunn / lokaumsögn?
7. Upplýsingar um kennslustundafjölda.
8. Upplýsingar um kennara: Nafn, netfang, viðtalstímar (eða hvernig er best að ná til viðkomandi).

Skriflegar kennsluáætlanir krefjast mikils tíma en kostir þeirra eru margir. Um leið og kennsluáætlun er tekin saman er lagt inn í hugmyndabanka. Ekki þarf að velkjast í vafa um að gildi þess að eiga gott safn kennsluáætlana, gjarnan með athugasemdum um hvernig til tókst. Þá er mikils virði að með skriflegum kennsluáætlunum er óhjákvæmilegt annað en að gera sér ljósa grein fyrir því hvernig kennslan er hugsuð, þ.e. í þeim felst ákveðin ögun. (Ingvar Sig. Að mörgu er að hyggja bls. 95)

Minnislisti vegna skipulags kennslu haust 2012

Mat á skólastarfi, sjálfsmat

- Rýna þarf kennsluáætlanir að vori og gera úrbætur að hausti (sbr. sjálfsmat skólans - áfangaskýrsla).
- Skoða betur hvað er að gerast inni í skólastofunni, hvernig getum við kannað það?
- Munum eftir nýjum áhersluþáttum aðalnámskrár sem við lásam saman í fyrra (almenna hlutanum)
- Leggja fyrir könnun að loknu námskeiði 1. bekkjar – sjá hvernig foreldrum líkar og hvað þeir vilja, kannski kanna líka fyrir námskeiðið.
- Samræmdu prófin í 4. bekk. Stærðfræðin kom ekki nógu vel út á síðasta ári, huga að þeim þætti í gerð kennsluáætlana.

Úr sjálfsmatsskýrslu: Viðmið um árangur var að 65% nemenda væru fyrir ofan 50 í raðeinkunn. Niðurstöður urðu að í 10. bekk náði skólinn 64% upp fyrir raðeinkunnina 50 í íslensku, 62% í ensku og 71% í stærðfræði. Í 7. bekk náðu 64% upp fyrir raðeinkunnina 50 í íslensku og 66% í stærðfræði og í 4. bekk náðu 46% upp fyrir raðeinkunnina 50 í íslensku og 39% í stærðfræði.

Niðurstöður Skólapúlsins

Almennt séð erum við að koma vel út mjög há í flestu (sjá nánar í skýrslu á vefsíðu skólans).

Sömu þættir koma í ljós ár eftir ár og því verðum við að breyta hjá okkur í 6. – 10. bekk – eitthvað er ekki að ganga! Það sem verður að laga:

- Virk þátttaka nemenda í tímum er undir meðallagi sérstaklega í 9. og 10. bekk.
- Stuðningur kennara við nemendur mætti vera hærri.
- Áhugi á stærðfræði, mætti skoða í komandi 10. bekk (talsvert undir landsmeðaltali).
- Ánægja af lestri, þar erum við rétt við meðaltalið, lægst hjá okkur í 9. og 10. bekk. Þurfum að ná okkur upp.

Niðurstöður foreldrakönnunar

- Foreldrar vildu fá meiri upplýsingar um líðan og samskipti í bekknum
- Skólinn mætti gera meiri námslegar kröfur til nemenda (sérstaklega á miðstiginu(aðeins á yngsta líka))
- Fleiri voru ósáttir við námsmatið heldur en að meðaltali í Reykjavík
- Foreldrar voru ekki nógu vel upplýstir um hvaða börn fengu sérkennslu

- Kennarar ekki eins duglegir og kennarar í Reykjavík að setja inn á Mentor hvað varðar einstaka nemendur
- Aginn mætti vera meiri

Áætlanir

Skólinn hefur sett ýmsar lögbundnar áætlanir sem öllum ber að fylgja. Hér fyrir aftan eru nokkrir punktar til að minna okkur á ýmis mikilvæg atriði sem við höfum ákveðið að vinna eftir:

Jafnréttis og mannréttindastefna Grunnskóla Seltjarnarness

- Umræða og vinna um jafnréttis- og mannréttindamál skal vera samofin allri kennslu og skólastarfi, en markvisst skal unnið með viðfangsefnið í lífsleikni
- Í öllu skólastarfi þarf að gæta þess að jafnræði sé milli kynja til áhrifa og þátttöku, t.d. í nefndum og ráðum. Einnig skal jafna hlut nemenda við hvert tækifæri þegar þeir koma fram fyrir hönd skólans.

Eineltisáætlun

- Allt frá skólabyrjun skal markvisst kenna nemendum góð samskipti. Lögð er áhersla á að nemendur séu skólasystkini og eigi að koma vel fram hvert við annað og að ekki megi skilja út undan eða stríða (muna að fræða nemendur).

Kennsluáætlanir

- Rýna áætlun síðasta árs á meðan hún er okkur í fersku minni.
- Endurspeglar kennsluáætlunin kennsluna ... erum við að gera það sem við segjumst vera að gera??? Hvernig getum við skoðað það?

Stærðfræðikennarar á unglíngastigi

- í kjölfar úttektar Mennta- og menningarmálaráðuneytis -

Tillögur til úrbóta

- að stjórnendur, í samvinnu við kennara, móti stefnu í stærðfræðikennslu, þ.e. setji markmið og ákveði hvaða verkefni á að leggja áherslu á, t.d. kennsluhætti, námsmat, auka hlut upplýsingatækni í kennslu, samþættingu stærðfræði við aðrar námsgreinar o.þ.h.
- að í skólum sé fagstjóri eða leiðtogi til að stýra vinnu í átt að tilteknum markmiðum. Úttektaraðilar telja mikilvægt að fagstjóri hafi vel skilgreinda starfslýsingu sem miðar að því að stýra faglegu starfi, þróa kennsluhætti og námsmat.
- að stærðfræði sé eftir megni kennd í faggreinakennslu. Þannig nýtast best þeir kennarar sem hafa menntað sig til stærðfræðikennslu og hafa þar með mesta innsýn í fagið og kennslu þess.
- að samvinna stærðfræðikennara innan skóla sé eflid, t.d. með því að gera ráð fyrir föstum fundatíma í stundatöflu fyrir faglegt samstarf þar sem stærðfræðikennarar hittast og fara m.a. yfir stöðu fagsins, aðferðir og nálgun við kennslu.
- að koma á faglegu samstarfi milli stærðfræðikennara skóla innan sveitarfélaga eða tiltekins landfræðilegs svæðis, til að skapa vettvang fyrir umræður og samvinnu stærðfræðikennara, með fundum, námskeiðum og því að hjálpast að og deila reynslu.
- að hugað sé að stöðu sterkari stærðfræðinema. Gæta verður að því að öll orka kennara/skólanna fari ekki í að sinna þeim veikari sem þurfa aðstoð. Leita verður leiða gegn því að kerfið setji alla nemendur í sama mót, hvetji e.t.v. óviljandi til meðalmennsku. Mikilvægt að rækta og hvetja framúrskarandi nemendur til að hámarka hæfileika sína.
- að kennarar hugi að mikilvægi þess að beita innlögnum með samræðum í upphafi tíma til að kveikja áhuga nemenda á viðfangsefni hverrar kennslustundar.
- Úttektaraðilar urðu jafnframt varir við jákvæð viðbrögð bæði nemenda og kennara af notkun glósubóka og hugtakakorta.
- að námsefnið Átta-tíu verði aðalnámsefni og að kennarar nýti sér öll fylgigögn með námsefninu á vefsíðu þess. Úttektaraðilar telja námsefnið henta vel til að breyta kennsluháttum í stærðfræði til meiri samræmis við áherslur aðalnámsskrár.

- að hugað sé að því að ávallt sé sem best samræmi milli nýútgefins námsefnis og gildandi aðalnámskrár.
- að vandað sé enn frekar til undirbúnings og framkvæmdar samræmdra könnunarprófa í grunnskólum.
- að hugað sé að endurmenntun kennara. Úttektaraðilar telja sterkar vísbendingar um að styrkja þurfi umgjörð og framboð endur- og símenntunar fyrir kennara.

Mikilvægt er að yfirvöld tryggi eftir megni að kerfið mæti sem best þörfum kennara og styðji markmið aðalnámskrár hverju sinni.